

Breytingartillaga við tillögu D-lista:

Meirihluti bæjarstjórnar leggur fram til afgreiðslu breytingartillögu við tillögu bæjarfulltrúa D-lista: „Tillaga bæjarfulltrúa D-lista um óháða úttekt á embættisfærslum vegna breytinga á Ráðhúsi Árborgar sem hófust 2019 og standa enn yfir“, en tillagan barst í skjali sem Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, er skráður höfundur að og ritað er í ritvinnsluforriti undir hugbúnaðarleyfi Bláskógaskóla.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Meirihluti bæjarstjórnar leggur til að gerð verði óháð úttekt utanaðkomandi aðila á embættisfærslum og ferli mála sem varðar undirbúning, hönnun og framkvæmd á nokkrum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum, með það að markmiði að bæta verklag og verkferla við mismunandi framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins. Úttektin nái til verkefna á sviði nýbygginga, viðhalds og gatnaframkvæmda. Til samanburðar nái úttektin yfir verkefni að hliðstæðri gerð.

Úttektin verði á formi yfirlitsskýrslu eða skilamats sbr. reglur um fyrirkomulag skilamats vegna framkvæmda samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda frá 21. september 2001. Skilamat hvernar framkvæmdar fyrir sig skal skiptast í eftirfarandi meginkafla sem við á hverju sinni:

1. Undirbúningur

Gera skal almenna lýsingu í hverju framkvæmd fólst, helstu stærðir, og lýsing á þeim kostum sem athugaðir voru við frumathugun. Tilgreina skal ráðgjafa sem unnu að áætlunargerð, ásamt upplýsingum um stofn- og rekstrarkostnað samkvæmt áætluninni. Geta skal þess hvenær ráð og nefndir Svf. Árborgar heimilaði áætlunargerð, verklega framkvæmd og hvort og þá hvenær

nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmd var aflað skv. þeim lögum og reglugerðum sem við á í hvert sinn.

2. Verklegr framkvæmd

Gera skal grein fyrir útboði framkvæmdarinnar, samningum við hönnuði og verktaka, og framvindu verksins. Gerð skal grein fyrir helstu breytingum sem urðu á verkinu frá áætlunargerð. Gera skal grein fyrir tilhögun framkvæmdaefirlits.

3. Reikningslegt uppgjör

Gera skal grein fyrir þeim fjárveitingum sem veittar voru til framkvæmdarinnar ásamt raunkostnaði hennar. Bera skal saman áætlanir og raunkostnað og skýra frávik.

4. Samantekt og niðurstöður.

Í samantekt skal lagt heildarmat á það hvernig framkvæmd tókst til miðað við áætlun og í samanburði við hliðstæðar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins. Bera skal saman kostnað framkvæmdarinnar við aðrar hliðstæðar framkvæmdir. Fjárhæðir skulu tilgreindar bæði á verðlagi hvers árs og uppreiknuðu verðlagi.

Úttektin nái yfir eftirfarandi framkvæmdir sveitarfélagsins:

- Dælustöð við Hraunstekk og dælustöð á Selfossi
- Endurbætur á Vallaskóla og endurbætur á Ráðhúsi Árborgar
- Ný viðbygging við Sunnulækjarskóla 2016 og 2018 og ný viðbygging við Leikskólann Álfheima (Eldhús og starfsmannaaðstaða)
- Færanlegar kennslustofur við Vallaskóla (gámahús) og Færanlegar kennslustofur við Vallaskóla, Álfheima og Árbæ (timburhús)
- Gatnagerð í Hagalandi 2018 og gatnagerð við fyrsta áfanga í Björkurstykki

Úttektinni skal lokið fyrir lokið fyrir 31. maí nk.. Bæjarlögmanni verði falið að leita tilboða til óháðra aðila í úttektina og fjármálastjóra verði falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2020 að upphæð 5.millj kr, vegna áætlaðs kostnaðar við vinnuna.

Við úttektina skal einnig hafa til hliðsjónar þau atriði og spurningar sem tilgreindar eru undir liðum A-E hér á eftir og eiga við hverju sinni.

A. Sveitarstjórnarlög og samþykktir Svf. Árborgar

- Kannað verði hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum sveitarstjórnarlaga, þar á meðal ákvæðum um fjárstjórnarvald, valdmörk bæjarráðs og bæjarstjóra og ákvæðum um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun.
- Kannað verði hvort farið hafi verið eftir samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar. Meðal annars verði farið yfir það í hvaða tilvikum aðrir en bæjarráð eða bæjarstjórn hafa heimild til að taka fullnaðarákvörðun varðandi fjármál sveitarfélagsins og hvort farið hafi verið eftir þeim reglum.

M.a. verði kannað:

- ✓ Hver tók ákvörðun um að hefja undirbúnings- og hönnunarvinnu vegna framkvæmdar?
- ✓ Hver tók ákvörðun um að hefja verklegar framkvæmdir og var hönnunarvinnu lokið þegar sú ákvörðun var tekin?
- ✓ Var ákvörðun um verkefnið lögð fyrir nefnd, bæjarráð eða bæjarstjórn?
- ✓ Var framkvæmdarinnar getið í fjárfestingaáætlun samþykkt af bæjarstjórn?
- ✓ Ef við á, voru fengnir nauðsynlegir viðaukar fyrir framkvæmdinni og þeir samþykktir í bæjarstjórn? – Hvenær?

- ✓ Ef við á, fól afgreiðsla bæjarstjórnar í sér heimild til að hefja hönnun og framkvæmdir vegna framkvæmdarinnar?

B. Lög um opinber innkaup og innkaupareglur:

- Kannað verði hvort farið hafi verið að ákvæðum laga um opinber innkaup og innkaupareglum sveitarfélagsins. Farið verði yfir hvort ákvæði um útboðsskyldu hafi verið virt. Einnig verði kannað hvort unnið hafi verið í samræmi við hæfisreglur við innkaup.

M.a. verði upplýst:

- ✓ Hvernig var staðið að vali á hönnuðum og verktökum?
- ✓ Hver leitaði til hönnuða og verktaka um aðkomu að verkinu og hvenær?
- ✓ Hver var kostnaðaráætlun hönnuða í hönnunar- og framkvæmdarhluta verksins? Stóðst sú áætlun eða hefur hún staðist?
- ✓ Var leitað hugmynda að hönnun eða verðtilboða í framkvæmdina frá öðrum aðilum?
- ✓ Hafði valin hönnuður og verktaki starfað fyrir Sveitarfélagið Árborg að fleiri verkefnum, og ef svo er, hvenær og við hvaða verkefni?
- ✓ Hvaða upplýsingar lágu fyrir um reynslu og fyrri störf hönnuða og verktaka?
- ✓ Eru tengsl á milli eigenda/forsvarsmanna hönnuða/verktaka og bæjarstjóra/framkvæmdastjóra Svf. Árborgar eða annarra sem komu að vali á hönnuðum/verktökum?
- ✓ Hafi ekki verið fyrirbyggjandi skriflegur samningur verði upplýst hvenær munnlegur samningur komst á, hver samdi fyrir hönd sveitarfélagsins og hvert er efni samningsins.
- ✓ Lögð verði fram kostnaðaráætlun vegna verklegra framkvæmda.

- ✓ Upplýst verði hver stýrði vinnu við þarfagreiningu og hvaða starfsmenn voru hafðir með í ráðum.
- ✓ Birt verði yfirlit sem sýnir á hvaða bókhaldslykla kostnaður vegna framkvæmdarinnar hefur verið færður og hve hár hann er.
- ✓ Farið verði yfir hvernig samþykktum (uppáskrift) reikninga vegna verksins var háttáð.
- ✓ Var leitað tilboða í aðra verkþætti og/eða efniskaup?

C. Skyldur bæjarráðs skv. sveitarstjórnarlögum og samþykktum

- Kannað verði hvort bæjarráð hafi uppfyllt lögbundnar skyldur sínar varðandi fjármálastjórn og eftirlit með framkvæmdinni. Könnunin snúi einnig að því hvort upplýsingum hafi verið haldið frá öðrum bæjarfulltrúum með ófullnægjandi upplýsingagjöf, t.d. í svörum við framlögðum fyrirspurnum.

D. Verkefnið/Framkvæmdin

- Var eftirfarandi framkvæmt eða gert vegna framkvæmdarinnar/verkefnisins?
 - Fékk framkvæmdin/verkefnið umfjöllun og afgreiðslu í nefndum og ráðum?
 - Fór fram frumathugun á framkvæmdinni?
 - Fékk frumathugun umfjöllun og afgreiðslu í nefndum og ráðum?
 - Hvernig var áætlunargerð háttáð? Þ.e. var/voru unnin
 - Frumhönnun?
 - Hagsmunaaðilaskráning?
 - Verkhönnun?
 - Útboðsgögn?
 - Fékk áætlunargerðin umfjöllun og afgreiðslu í nefndum og ráðum?

- Hvernig tókst framkvæmdin miðað við áætlun og í samanburði við hliðstæðar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins?

E. Annað

Úttektin taki einnig til nánar tilgreindra atriða, að því leyti sem svör við þessum atriðum hafa ekki komið fram með svörum við liðum A til D:

- Tímalína verkefnis
 - ✓ Hvenær hófst verkefnið?
 - ✓ Er verkefninu lokið?
 - ✓ Hvenær lauk verkefninu?
 - ✓ Í hvaða nefndum og ráðum var verkefnið tekið fyrir og hvenær?
- Leyfismál:
 - ✓ Var framkvæmdin skipulagsskyld?
 - ✓ Var framkvæmdin frá upphafi og til enda framkvæmd á eignarlandi sveitarfélagsins, ef ekki, þá á eignarlandi hvers?
 - ✓ Var sótt um skipulagsbreytingu vegna framkvæmdarinnar, hvernig breytingu og hvenær var sótt um?
 - ✓ Fékk skipulagsbreytingin umfjöllun og afgreiðslu í skipulags- og byggingarnefnd, hvenær og hvernig var afgreiðslan?
 - ✓ Ef við á, fékk Skipulagsstofnun skipulagsbreytinguna til umfjöllunar?
 - ✓ Ef við á, var skipulagsbreytingin samþykkt af bæjarstjórn og hvenær?
 - ✓ Ef við á, var skipulagsbreytingin birt í stjórnartíðindum?
 - ✓ Var framkvæmdin byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyld?
 - ✓ Var sótt um byggingar-/framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni?

- ✓ Hvenær var sótt um byggingar-/framkvæmdaleyfi?
- ✓ Hvenær fékkst byggingar-/framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni?
- ✓ Fylgdu tilskilin hönnunargögn byggingarleyfisumsókn?
- ✓ Þar sem við á, eru kröfur byggingarreglugerðar uppfylltar m.a. til aðgengis-, heilbrigðis- og eldvarnarmála?
- ✓ Ef við á, í tilfalli ný- og viðhaldsframkvæmda. Uppfyllti húsnæðið kröfur byggingarreglugerðar m.a. til aðgengis-, heilbrigðis- og eldvarnarmála áður en breytingarnar og endurbæturnar áttu sér stað?
- ✓ Ef við á, voru/eru starfsaðstæður á meðan á breytingunum stóð/stendur viðunandi fyrir starfsmenn vinnustaðarins?
- ✓ Hafa lögbundnar úttektir farið fram og þá hvenær?
- ✓ Er framkvæmdunum lokið og hefur farið fram lokaúttekt og þá hvenær?
- Verk- og kostnaðaráætlanir
 - ✓ Voru gerðar verk- og kostnaðaráætlanir vegna framkvæmdarinnar?
 - ✓ Stóðust áætlarnir?

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista

Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Á-lista

Tómas Ellert Tómasson, M-lista

